

## REGLUR um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr.:

- a. Síðasti málsliður 1. mgr. fellur brott.
- b. Á eftir 3. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Stundakennrarar við Háskóla Íslands sinna kennslu og námsmati í samræmi við reglur Háskólans og viðkomandi deildar þar um. Skal stundakennsla ekki vera aðalstarf og starfs-hlutfall stundakennara að hámarki 49%. Gera skal skriflegt samkomulag um ráðningu og ráðningarkjör stundakennara sem og kennslu og námsmat í upphafi misseris og til misseris í senn. Settar skulu verklagsreglur um almennt hæfi stundakennara við Háskóla Íslands og ferli við ráðningu þeirra, sem forseti fræðasviðs taki mið af við framkvæmd ráðningar.

### 2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 19. apríl 2016.*

**Jón Atli Benediktsson.**

---

*Halldór Jónsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 4. maí 2016